

Útkomið í A-deild.

Opið brjef er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1891, undirskrifað af konungi 9. janúar 1891 (A. nr. 1, bls. 2—3).

Auglýsing um bólu í Pjetursborg og um bann gegn innflutningi á ýmsum hlutum þaðan til Íslands og fl. (A nr. 2, bls. 4—5).

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um sjerstaka manustalsþinghá fyrir Njarðvíkurhrepp. — Með þóknanlegu brjefi dags. 11. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer beiðni hreppsnefndarinnar í Njarðvíkurhreppi ásamt meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns, um að Njarðvíkurhreppur í Gullbringusýslu fái þingstað sjer innanhrepps til manntalsþinghalds, og er svo til ætlað, að þingstaðurinn verði í skólahúsi því, sem verið er að byggja á Innri-Njarðvíkurlóð. 1 7. jan.

Útaf þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg veiti samþykki mitt til, að Njarðvíkurhreppur verði eptirleiðis sjerstök manntalsþinghá með þingstað á Innri-Njarðvíkurlóð, og er samþykki þetta bundið því skilyrði, að hreppsnefndin í nefndum hreppi sjái um, að til verði á þessum stað sæmilegt hús til þinghaldanna. Með þessari ákvörðun, er engin breyting gjörð á Vatnsleysustrandarpinghá sem dómpinghá.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja, um makaskipti á prestsetri. — Eptir að mjer hafið borizt þóknanl. brjef yðar, herra landshöfðingi dags. 25. nóv. f. á. hefur Hans Hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum hinn 3. p. m. allramildilegast þóknast að samþykkja, að makaskipti megi hafa á prestsetrinu Felli í Fellsprestakalli innan Skagafjarðarprófastdæmis og jörðinni Höfða í Hof-sókn í sama prófastsdæmi, þannig að Fell verði framvegis skoðað sem bændaeign, að því er gjaldskyldu sner ir, en Höfði verði sem aðrar kirkjujardir. 2 12. jan.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigendum.

Brjef landshöfðingja til *stiptyfirvaldanna* um lántökuleyfi handa prestakalli til húsa^{kaupa}. — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður og háæruverðugi herra, dags. 6. p. m. og parmeð fylgjandi beiðni sjera Oddgeirs Guðmundsen að Ofanleiti á Vestmannaeyjum um lántökuleyfi til húsa^{kaupa}, ásamt umsögn og meðmælum hlutaðeigandi prófasts, viljeg hjermeð veita samþykki mitt til, að tjeður prestur taki lán upp á Vestmannaeyjaprestakall, þar sem það getur fengizt, að upphæð 425 krónur, er endurborgist með vöxtum á 15 árum, til þess að kaupa handa prestakallinu húspart, tilheyrandi prestsekkjunni Ragnheiði Jónsdóttur, sem er áfastur við íbúðarhús prestsins, er prestakallinu fylgir, 6 álnir á hvern veg, byggður fyrir fáum árum. 3 13. jan.

Þetta tilkynnist yður hjermeð til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

10. dag febrúarmán. 1891.